

# Bæjarstjórnarfundur nr. 1384

## Seinni umræða um fjárhagsáætlun 2024

12. desember 2023

# MEGINATRIÐI Í FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024

- **Sókn er í samfélaginu á Akranesi og gert ráð fyrir jafnvægi á árunum 2023 og 2024. Tækifæri eru til uppbyggingar og þróunar í sveitarfélaginu en ástæða er til að vera varfærin s.s. vegna stöðu heimsmála, þungs fjármagnsmarkaðar og óvissu í kjarasamningum. Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun íbúa og að innviðir haldi í við aukna eftirspurn eftir þjónustu.**
- **Helstu áskoranir á árinu 2024 eru:**
  - Mikið uppbyggingarskeið íbúða framundan, gatnagerð og skipulag tryggir gott framboð lóða
  - Unnið markvisst að samstarfi við fyrirtæki um aðsetur á Akranesi og uppbyggingu þar - efling atvinnulífs
  - Mikill áhugi er meðal fjárfesta á uppbyggingu - ástand efnahagsmála er hindrun
  - Áfangi hefur náðst í framtíðarsýn um uppbyggingu á Jaðarsbökkum - skipulagsvinna að hefjast
  - Akranes styður áfram við sókn Þróunarfélagsins á Grundartanga og Þróunarfélagsins Breiðar
  - 2024 hefst væntanlega vinna við deiliskipulag Breiðarinnar
  - Verulegt fjármagn er áætlað í viðhald bygginga t.d. Grundaskóla, Brekkubæjarskóla og íþróttahúsið við Vesturgötu
  - Staðsetning nýs leikskóla er í vinnslu
  - Búið að bjóða út innanhúsframkvæmdir við nýtt íþróttahús á Jaðarsbökkum
  - Samfélagsmiðstöð - undirbúningur lóðar í fullum gangi
  - Áframhaldandi vinna í þágu farsældar barna
  - Akraneskaupstaður tekur þátt í verkefninu "gott að eldast"
  - Heildarstefnumótun fyrir Akraneskaupstað á lokametrum – Framtíðarsýn og markmið sveitarfélagsins til 2030

# HELSTU FORSENDUR Í ÁÆTLUN ÁRSINS

- **Álagt útsvar verður óbreytt eða 14,74% vegna launa ársins 2024.**
- **Álagningarprósentur vegna fasteignaskatts verða eftirfarandi**

  Álagningaprósenta íbúðarhúsnæðis verður 0,2467%

  Álagningaprósenta atvinnuhúsnæðis verður 1,4678%

  Álagningarprósenta opinberra stofnana verður 1,320%
- **Sorpgjöld fyrir hverja íbúð m.v. tvær sorptunnur**

  Breytingar verða á árinu 2024

  Sorpgjald verður kr. 42.814
- **Lóðaleiga af nýjum lóðum og endurnýjuðum samningum**

  Verður 0,3034% af fasteignamatsverði íbúðarhúsalóða

  Verði 1,199% af fasteignamatsverði atvinnulóða




- Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2024 eru fimmtánda hvers mánaðar frá janúar til og með október. Áfram er veitt ívilnun á fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþegar í samræmi við reglur bæjarstjórnar Akraness.

# HELSTU FORSENDUR Í ÁÆTLUN ÁRSINS

- **Almennar þjónustugjaldskrár hækka um 7% þann 1. janúar 2024, nema að sérstök ákvörðun sé tekin um einstaka gjaldskrár.**
- **Staðið er vörð um barnafjölskyldur með hóflegum hækkunum á leikskólagjöldum, frístundagjöldum og fæðisgjöldum í leik- og grunnskóla.**
- **Leikskólagjöld og fæðisgjöld í leikskóla voru ekki hækkuð fyrir árið 2023 en hækkað er í takt við verðlag fyrir árið 2024.**



# Framlög Jöfnunarsjóðs

Frumvarp um breytingar á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga
Gert er ráð fyrir skerðing verði á tekjum Akraneskaupstaðar á árunum fyrst á árinu 2025 og komi að fullu árið 2028.








Íbúaþróun 2006 - 2024
Íbúafjöldi 12. des 2023: 8.223
9000
8000
7000
6000
5000
4000
3000
2000
1000
0
7,0%
6,0%
5,0%
4,0%
3,0%
2,0%
1,0%
0,0%
-1,0%
-2,0%
5955
6345
6630
6555
6600
6589
6636
6692
6753
6884
7021
7259
7410
7537
7697
7844
7997
8223
8387
6,1%
4,3%
-1,1%
0,7%
-0,2%
0,7%
0,8%
0,9%
1,9%
2,0%
3,3%
2,0%
1,7%
2,1%
1,9%
1,9%
2,7%
2,0%
2006
2007
2008
2009
2010
2011
2012
2013
2014
2015
2016
2017
2018
2019
2020
2021
2022
Spá 2023
Spá 2024
Íbúafjöldi
Aukning á milli ára



# Rekstur 2024

# Rekstrarniðurstaða

| Samantekið - A og B hluti - með viðaukum | Rauntölur 2022 | Útkomuspá 2023 | Áætlun 2024 | Áætlun 2025 | Áætlun 2026 | Áætlun 2027 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | | | |
| **Rekstrartekjur** | | | | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur | 6.064.981 | 6.780.670 | 7.131.652 | 7.540.346 | 7.925.720 | 8.345.541 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 1.733.885 | 2.026.363 | 2.202.691 | 2.230.772 | 2.259.695 | 2.264.889 |
| Aðrar tekjur | 2.375.286 | 2.538.350 | 2.604.021 | 2.841.374 | 2.983.444 | 3.473.707 |
| | 10.174.152 | 11.345.383 | 11.938.364 | 12.612.492 | 13.168.858 | 14.084.137 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6.658.573 | 7.370.487 | 7.995.536 | 8.225.096 | 8.504.101 | 8.845.711 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | 504.458 | 542.087 | 455.000 | 420.134 | 426.134 | 429.134 |
| Annar rekstrarkostnaður | 3.146.925 | 3.403.672 | 3.123.009 | 3.348.921 | 3.615.819 | 4.139.204 |
| | 10.309.956 | 11.316.246 | 11.573.544 | 11.994.151 | 12.546.054 | 13.414.049 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir** | ( 135.804 ) | 29.137 | 364.820 | 618.341 | 622.804 | 670.087 |
| Afskriftir | ( 338.905 ) | ( 337.454 ) | ( 377.423 ) | ( 439.947 ) | ( 472.722 ) | ( 492.422 ) |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda** | ( 474.709 ) | ( 308.317 ) | ( 12.603 ) | 178.394 | 150.082 | 177.666 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):** | 276.811 | 186.840 | ( 36.543 ) | ( 130.027 ) | ( 144.634 ) | ( 158.099 ) |
| **Rekstrarniðurstaða án framlaga og skatta** | ( 197.898 ) | ( 121.477 ) | ( 49.146 ) | 48.367 | 5.448 | 19.567 |
| Óreglulegir liðir, tekjur (gjöld) | 96.592 | 190.000 | 130.000 | 40.000 | 40.000 | 40.000 |
| **Rekstrarniðurstaða** | **( 101.306 )** | **68.523** | **80.854** | **88.367** | **45.448** | **59.567** |

# FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024 - VARFÆRNI

- Grunnur fjárhagsáætlunar 2024 er varfærni
- Blikur á lofti – en staðið við meiriháttar endurbætur skóla og helstu innviða Akraneskaupstaðar
- Vinna þarf í að bæta rekstrarafkomu Akraneskaupstaðar



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Rekstrarafkoma

- Áætluð rekstrarafkoma, að teknu tilliti til óreglulegra liða, nemur 82,2 m.kr. á árinu 2024.
- Þar af er rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og óreglulega liði neikvæð að fjárhæð um 12,6 m.kr. og við það dragast fjármagnsgjöld, umfram fjármagnstekjur, að fjárhæð 35,2 m.kr.
- Í óreglulegum liðum bætast við eignatekjur vegna þéttingu byggingareita að fjárhæð 130 m.kr.
- Rekstrarafkoma, fyrir óreglulega liði, á árunum 2017 til 2022 er að meðaltali 188 m.kr.
- Á árinu 2022 var rekstrarafkoma, fyrir óreglulega liði, neikvæð um 198 m.kr. við þá fjárhæð bættust 96 m.kr. sem var tilkominn vegna eignatekna.
- Rekstrarniðurstaða á árinu 2017 var lituð af gjaldfærslu á uppgjöri á lífeyrisskuldbindingu (-476,5 m.kr.).



# Málaflokkar

*Skóla- og frístundasvið:* Leikskólar, tónlistarskóli, grunnskólar, frístund, Þorpið og íþróttamannvirki.

*Velferðar- og mannréttindasvið:* Þjónusta við fatlað fólk, flóttafólk og aldraða, farsæld barna, barnavernd, félagsþjónusta og fleira.

*Skipulags og umhverfissvið:* Bruna- og almannavarnir, umhverfismál, sorpmál, skipulags- og byggingamál og fleira.

*Stjórnsýslu og fjármálasvið:* Skrifstofa sveitarfélagsins, bæjarstjórn, bæjaráð, nefndir, endurskoðun og fleira.

*Menningar og safnamál:* Bókasafn, héraðskjalasafn, byggðasafn og fleira.



# FJÁRHAGSÁÆTLUN 2024 - VARFÆRNI

- Verðlag hefur hækkað talsvert – aukin fjármagnskostnaður
- "Reiknaðar stærðir" í útgjöldum hafa tekið stökk
- Innbyggð  hagræðingarkrafa í áætlun - en meira þarf til
- Fyrir liggur greining KPMG - aðgerðaráætlun í vinnslu sem kemur til framkvæmda 2024
- Heildarútgjöld 2024 eru 11.574 m.kr.






# Þróun launakostnaðar A hluta



# Stöðugildi A hluta

Heildarstöðugildi í fjárhagsáætlun 2024 eru 550.

Í fjárhagsáætlun 2023 voru þau 530 í heildina.

Skóla og frístundasvið eykst um  10 stöðugildi, mest vegna leikskóla.

Velferðar- og mannréttindasvið eykst um 7 stöðugildi.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Efnahagsreikningur

- Heildareignir samstæðu í árslok 2023, skv. útkomuspá, munu nema 20.992 m.kr.
- Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 10.111 m.kr. og eigið fé er áætlað 10.881 m.kr.
- Eiginfjárhlutfall er áætlað 52% í árslok 2023 og gerir fjárhagsáætlun ráð fyrir því að eiginfjárhlutfall muni lækka á spátímabilinu og muni enda í 45% í árslok 2027.
- Fjárhagsáætlun gerir jafnframt ráð fyrir því að fastafjármunir munu aukast um 2.300 m.kr. á spátímabilinu og að handbært fé muni aukast um 185 m.kr.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir hækkun skulda og munu skuldir við lánastofnanir hækka um 3.745 m.kr. á árinu 2024 frá árinu á undan og heildarskuldir og skuldbindingar hækka um 2.300 m.kr. á spátímabilinu.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Lykiltölur

- EBITDA framlegð náði ákveðnu hámarki á árunum 2017 og 2018 en féll svo niður og var neikvæð árin 2020 og 2022.
- Útkomuspá ársins 2023 gerir ráð fyrir því að EBITDA framlegð verði 0,3%.
- Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir 3,1% EBITDA framlegð. Á spátímabilinu er áætlað að EBITDA framlegð fari örlítið hækkandi og standi í 4,8 % á árinu 2027.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Sjóðstreymi

- Handbært fé frá rekstri á árinu 2024 er áætlað 716 m.kr. og lækkar því um 57 m.kr. milli ára.
- Fjárfestingahreyfingar ársins 2024 eru áætlaðar 2.354 m.kr. og svipaðar fjárhæðir og í útkomuspá 2023.
- Fjármögnunarhreyfingar ársins 2024 eru áætlaðar 1.002 m.kr. og þar af nema afborganir langtímalána 150 m.kr., en áætlað er að nýtt langtímalán að fjárhæð 3.856 m.kr. verði tekið til að greiða upp brúarlán sem búið er að vera að ganga á.
- Áætlun gerir ráð fyrir því að handbært fé lækki á spátímabilinu, þ.e. frá árslokum 2023 eða úr 1.594 m.kr. og verði 1.143 m.kr. í árslok 2027.





# Fjárfestinga- og framkæmdaáætlun 2024

# A HLUTI - fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.

- Á árunum 2017-2022 var samanlögð fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum samtals fjárhæð 5.326 m.kr.
- Útkomuspá 2023 gerir ráð fyrir að heildar fjárfesting A-hluta verði 2.900 m.kr.
- Á spátímabilinu 2024-2027 er áætlað að samanlögð fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum verði samtals fjárhæð 6.092 m.kr.



# Fjárfesting 2024-2027

| Fjárhæð í þús.kr. | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 |
|---|---|---|---|---|
| **Götur og gangstéttar samtals** | **823.090** | **598.323** | **486.400** | **429.000** |
| *Gatnagerð nýframkvæmd* | *663.367* | *438.600* | *389.400* | *332.000* |
| *Endurgerð eldri gatna* | *56.000* | *56.000* | *56.000* | *56.000* |
| *Endurnýjun ljósastaura* | *62.723* | *62.723* | *-* | |
| *Gangstígar, stofnstígar, reiðvegir* | *41.000* | *41.000* | *41.000* | *41.000* |
| **Velferðarmál samtals** | **-** | **153.940** | **121.064** | **621.500** |
| **Skóla og frístundamál samtals** | **1.703.521** | **1.494.864** | **439.252** | **732.542** |
| **Bruna og almannavarnir samtals** | **55.000** | **5.000** | **5.000** | **5.000** |
| *Gatnagerðartekjur* | - 644.844 | - 503.258 | - 707.316 | - 620.158 |
| *Smærri fjárfestingar* | 468.800 | 190.323 | 102.000 | 132.646 |
| **Samtals fjárfesting** | **2.405.567** | **1.939.192** | **446.400** | **1.300.530** |

# Fjárfesting 2024-2027

| Fjárhæð í þús.kr. | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 |
|---|---|---|---|---|
| **Götur og gangstéttar samtals** | **823.090** | **598.323** | **486.400** | **429.000** |
| *Gatnagerð nýframkvæmd* | *663.367* | *438.600* | *389.400* | *332.000* |
| *Endurgerð eldri gatna* | *56.000* | *56.000* | *56.000* | *56.000* |
| *Endurnýjun ljósastaura* | *62.723* | *62.723* | - | |
| *Gangstígar, stofnstígar, reiðvegir* | *41.000* | *41.000* | *41.000* | *41.000* |
| **Velferðarmál samtals** | **-** | **153.940** | **121.064** | **621.500** |
| *Samfélagsmiðstöð* | - | *30.000* | *121.064* | *497.560* |
| *Áhaldahús dósamóttaka Búkolla* | - | - | - | - |
| *Búsetukjarnar Þroskahjálp framlag* | - | - | - | - |
| *HMS verkefni, framlag* | - | *123.940* | - | *123.940* |
| **Skóla og frístundamál samtals** | **1.703.521** | **1.494.864** | **439.252** | **732.542** |
| *Jaðarsbakkar* | *919.844* | *731.187* | *382.800* | *208.348* |
| *Leikskóli, eldri hluta* | - | - | *56.452* | *524.194* |
| *Grundaskóli* | *459.677* | *459.677* | - | - |
| *Brekkubæjarskóli* | *304.000* | *304.000* | - | - |
| *Tónlistarskóli búnaður* | *20.000* | - | - | - |
| **Bruna og almannavarnir samtals** | **55.000** | **5.000** | **5.000** | **5.000** |
| *Búnaðarkaup* | *5.000* | *5.000* | *5.000* | *5.000* |
| *Slökkvibifreiðar* | *50.000* | - | | - |
| *Gatnagerðartekjur* | - 644.844 | - 503.258 | - 707.316 | - 620.158 |
| *Smærri fjárfestingar* | 468.800 | 190.323 | 102.000 | 132.646 |
| **Samtals fjárfesting** | **2.405.567** | **1.939.192** | **446.400** | **1.300.530** |

# A HLUTI - viðhaldsframkvæmdir

- Á spátímabilinu 2024-2027 er áætlað að samanlagðir fjármunir til viðhaldsverkefna verði samtals fjárhæð 857 m.kr.





# STÓR VERKEFNI FRAMKVÆMD Á ÁRINU 2024

# JAÐARSBAKKAR ÍÞRÓTTAHÚS





- Á árinu 2023 er áætlað að framkvæmt verði fyrir um 1.032 m.kr. að teknu tilliti til frádráttar vegna frjálsrar skráningar
- Útboði lokið vegna innri frágangs og búið að ganga frá verksamningi.
- Heildarupphæð sem fjárfest verður í íþróttahúsi á Jaðarsbökkum er um 1.200 m.kr. á árinu 2024.

# GRUNDASKÓLI

- Framkvæmdir við C-álmu eru í fullum gangi og miðar vel.
- Steypuvinnu er lokið.
- Umfang framkvæmdar er aðeins meira en var gert ráð fyrir og gæti það haft áhrif á framkvæmdatíma





# ÍÞRÓTTAHÚS VESTURGÖTU

- Útboð á niðurrifi íþróttasalar er lokið, verkið hafið og á að ljúka í janúar nk.
- Útboð vegna endurbóta er í undirbúningi og gert ráð fyrir að verktakið verði kominn á verkið í febrúar nk.



# BREKKUBÆJARSKÓLI

- Opnun tilboða lokið og stefnt á að verksamninur verði komin á nú í desember og verkið gæti strax í byrjun janúar.
- Tilboð SF smiða var undir kostnaðaráætlana.







# Ítarefni:
# Helstu tölur fjárhagsáætlunar

# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

- Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur samtals nemi 11.345 m.kr. í útkomuspá 2023 og hækki um 11,5% frá árinu 2022.
- Rekstrartekjur á árinu 2024 eru áætlaðar 11.938 m.kr. og hækka því um 5,2% frá árinu 2023.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir því að rekstrartekjur hækki að meðaltali um 6,7% á tímabilinu 2023 til 2027 og endi í 14.084 m.kr. á árinu 2027.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Þróun rekstrartekna

- Útsvar, sem hlutfall af heildar rekstrartekjum, nam 52,4 % á árinu 2022.
- Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að útsvar, sem hlutfall af rekstrartekjum, verði svipað á spátímabilinu þar sem aðrir tekjuliðir aukast meir. Hlutfallið mun nema 50,8 % á árinu 2027.
- Búist er við því að vægi framlaga Jöfnunarsjóðs hækki um 0,4% stig á árinu 2024 en fari síðan lækkandi á spátímabilinu og endi í um 16,1% á árinu 2027.
- Gert er ráð fyrir því að fasteignaskattar og lóðarleiga hækki um 1% stig milli áranna 2023 og 2024. Gert er ráð fyrir því að hlutfall fasteignaskatta hækki á spátímabilinu 2024-2027 og endi í 8,5% á árinu 2027.
- Aðrar tekjur, sem hlutfall af heildar rekstrartekjum, eru áætlaðar 22,4% í útkomuspá 2023 og verða að meðaltali 22,9% á spátímabilinu.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Rekstrargjöld

- Áætluð rekstrargjöld samtals í útkomuspá 2023 nema 11.654 m.kr. og hækka því um 1.004 m.kr. frá árinu 2022 eða um 9,4%.
- Rekstrargjöld samtals á árinu 2024 munu nema 11.951 m.kr. en það er hækkun frá útkomuspá 2023 sem nemur um 297 m.kr. eða um 2,6%.
- Launagjöld eru áætluð að hækki um 625 m.kr. En annar rekstrarkostnaður lækkar um 280 m.kr.  Á móti er gert ráð fyrir því að lífeyrisskuldbinding lækki um 87 m.kr.
- Áætluð lífeyrisskuldbinding á árinu 2024 nemur 455 m.kr. en það er 19% lækkun frá útkomuspá 2023 (87 m.kr.).
- Aukning heildarrekstrargjalda á tímabilinu 2024 til 2026 er á bilinu 2,6% til 6,8% en að meðaltali 4,5% á tímabilinu.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Rekstrargjöld

- Fjárhagsáætlun 2023 gerir ráð fyrir því að launagjöld verði áfram stærsti kostnaðarliðurinn og verði að meðaltali 65,5% á spátímabilinu.
- Launagjöld eru áætluð 66,9% í áætlun 2024 og eru að hækka um 3,7% stig frá útkomuspá 2023.
- Annar rekstrarkostnaður lækkar um 280 m.kr. frá útkomuspá 2023 en lækkar um 3,1% stig í áætlun fyrir árið 2024.
- Lífeyrisskuldbindingin lækkar um 87 m.kr. milli ára þ.e. frá 2023 til 2024 og verður 3,8% af heildar- rekstrarkostnaði á árinu 2024.
- Fjárhagsáætlun 2024 gerir ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingin verði 3,8 % og að hún lækki frá rauntölum ársins 2022 þar sem hún nam 4,7% af heildarrekstrargjöldum. Fjárhagsáætlun tímabilsins gerir ráð fyrir að lífeyrisskuldbindingin verði 3,1 % á árinu 2027.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Rekstrarafkoma

- Áætluð rekstrarafkoma samstæðu á árinu 2023, skv. útkomuspá, er jákvæð sem nemur 68,5 m.kr.
- Rekstrarafkoma á árinu 2024 er áætluð jákvæð um 82,2 m.kr. eða 0,69% sem hlutfall af rekstrartekjum og mun því hækka um 13,7 m.kr. milli áranna 2023 og 2024.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarafkoma muni hækka á árinu 2025, lækka aftur í áætlun 2026 og hækka aftur árið 2027.
- Samanlögð rekstrarafkoma spátímabilsins (2024-2027) er jákvæð sem nemur 275 m.kr.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Rekstrarniðurstaða

- Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði er áætluð jákvæð um 365 m.kr. á árinu 2024 og rekstrarafkoma er áætluð jákvæð sem nemur 82,2 m.kr.
- Gert er ráð fyrir því að heildarrekstrartekjur aukist um 2.146 m.kr. á spátímabilinu (2024-2027) en heildarrekstrargjöld munu aukast um 1.840 m.kr. á sama tímabili.
- Áætlað er að rekstrartekjur samtals munu því aukast um tæpar 305 m.kr. umfram rekstrargjöld á spátímabilinu.
- EBITDA framlegðin er áætluð 3,06% á árinu 2024.
- Gert er ráð fyrir því að EBITDA framlegðin verði á bilinu 3,06% til 4,9% á spátímabilinu og nemi 4,76% í árslok 2027.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Efnahagsreikningur

- Áætlað er að eigið fé og skuldir í árslok 2024 munu nema samtals 22.359 m.kr., þar af munu skuldir og skuldbindingar samtals nema 11.396 m.kr. og eigið fé 10.963 m.kr.
- Eiginfjárhlutfall í árslok 2023 mun því nema 49% .
- Á spátímabilinu mun eiginfjárhlutfall styrkjast og mun nema 45% í árslok 2027.
- Langtímaskuldir eru í árslok 2022 alls 655 m.kr. en lántökur eru í áætlun árin 2024 og 2027. Áætlað er því að langtímaskuldir verði 4.400 m.kr. í árslok 2024 og verði 6.056 m.kr. í árslok 2027.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

- Þróun rekstrarjafnaðar síðustu þriggja ára, þ.e. samanlögð rekstrarafkoma á þriggja ára tímabili, verður að vera jákvæð skv. fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga og hefur sú verið raunin hjá Akraneskaupstað.
- Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir því að rekstrarjöfnuður ársins 2024 muni nema 48 m.kr.
- Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum, hefur farið hækkandi síðustu ár og verður 66% í árslok 2024.
- Hámark skuldaviðmiðs sveitarfélaga er 150% en skv. fjárhagsáætlun verður skuldaviðmiðið komið í 70,9% í árslok 2027.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga

- Þróun rekstrarjafnaðar hækkaði talsvert frá árinu 2017 og til ársins 2021 og fór hann frá því að vera jákvæður árið 2017 um 569 m.kr. yfir í það að vera jákvæður um 1.367 m.kr. árið 2021.
- Árinu 2022 lækkar hann niður í 610 m.kr. og fer lækkandi út spátímabilið.
- Skuldaviðmið, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hluta sem hlutfall af reglulegum tekjum, hefur einnig tekið umtalsverðum breytingum frá árinu 2017, þ.e.a.s. það hefur farið úr 61% niður í 20% og mun nema 71% í árslok 2027.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Lykiltölur

- EBITDA framlegð er áætluð 3,1% í árslok 2024 og á spátímanum er áætlað að EBITA framlegðin fara vaxandi og áætlað er að hún verði 4,8% í árslok 2027.
- Veltufé frá rekstri er áætlað 8,5% í árslok 2024 og mun vera svipuð út spátímann og áætlað að það verði 8,1 % í árslok 2027.
- Veltufjárhlutfallið er áætlað í árslok 2023 0,62 en það mun styrkjast á spátímabilinu og er áætlað að það verði 1,0 í árslok 2027. Þetta hlutfall á að vera í kringum 1. Samstæðan verður því áfram í stakk búin til að mæta nauðsynlegum greiðslum til næstu 12 mánaða á hverjum tímapunkti.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Lykiltölur

- Skuldahlutfall, þ.e. skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum hefur farið markvisst lækkandi frá árinu 2017 þegar það nam 98% niður í 71,6% árið 2022.
- Á spátímabilinu er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið mun hækka aftur og standa í 97,2% í árslok 2027.
- Eiginfjárhlutfallið hefur verið svipað undanfarin ár og stóð í 52% í lok árs 2017. Í útkomuspá fyrir árið 2023 er áætlað að það lækki í 52 %.
- Á spátímabilinu er gert ráð fyrir að eiginfjárhlutfallið fari lækkandi og standi í 45% í lok árs 2027.



# SAMSTÆÐUREIKNINGUR

Lykiltölur

- Veltufjárhlutfall, þ.e. veltufjármunir sem hlutfall af skammtímaskuldum, er 0,65 skv. útkomuspá ársins 2023. Það er undir meðaltali veltufjárhlutfalli áranna 2017 til 2022 sem nemur 1,898.
- Veltufjárhlutfall sýnir sem fyrr hæfi samstæðunnar til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næstu 12 mánuði og ætti helst ekki að vera lægri en 1,0 til lengri tíma litið.



# Málefni fatlaðra

- Rekstrarafkoma 2011-2024
  - Á árinu 2018 kemur inn aukaframlag frá Jöfnunarsjóði og skapast því ekki viðbótarkostnaður það árið, en myndast umfram tekjur sem nema 131 m.kr. það árið.
  - Á árinu 2021 er viðbótarkostnaður vegna málaflokksins sem nemur 250 m.kr. eða 22 m.kr. meira en á árinu 2020.
  - Vanfjármögnun ríkisins til málaflokksins heldur áfram að vaxa og er áætlaður viðbótarframlag sem Akranes mun leggja til málaflokksins á árinu 2023 er 422 m.kr. og á árinu 2023 áætlaður 415 m.kr.
  - Uppsafnaður viðbótarkostnaður Akraneskaupstaðar af málefnum fatlaða frá tilfærslu frá ríkinu til sveitarfélaga árið 2011 er 1.212 m.kr. og áætlað er að verði um 2.049 m.kr. árið 2024.



# B hluti

Rekstrarafkoma B hluta

- Rekstrarafkoma B hluta, fyrir fjármagnsliði, er neikvæð um samtals 4,5 m.kr. á spátímabilinu 2024-2027.
- Fjármagnsgjöld B hluta, umfram fjármagnstekjur, á sama tíma nema samtals 154 m.kr.
- Rekstrarafkoma B hluta er neikvæð sem nemur 173,5 m.kr. á tímabilinu.
- Rekstrarafkoma B hluta, að teknu tilliti til fjármagnstekna, á árinu 2024 er neikvæð sem nemur 127 m.kr. og nemur -7,07% sem hlutfall af heildar rekstrartekjum.



# Höfði


Rekstrarafkoma Höfða
70.000
50.000
30.000
10.000
(10.000)
(30.000)
(50.000)
(70.000)
(90.000)
(110.000)
(130.000)
58.266
32.400
28.702
19.253
5.226
(6.587)
(9.578)
(20.830)
(32.721)
(39.639)
(42.630)
(50.683)
(93.714)
(116.155)
2015
2016
2017
2018
2019
2020
2021
2022
Á2023
Á2024
Á2025
Á2026
Á2027
Rekstrarafkoma
Rekstarafkoma án lífeyrisskuldb.



# TAKK FYRIR